

Nd.

68. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. málsliður 1. mgr. 225. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að heiðni samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdi því eftirfarandi athugasemd til skýringar frá ráðuneytinu:

„Í ljós hefur komið í sambandi við heildarútgáfu á nýjum siglingalögum samkvæmt 15. gr. laga nr. 15 20. apríl 1963, um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóvember 1914, að í 9. gr. fyrrnefndra laga, 2. tölulið, hefur láðst að fella niður 3. málslið 1. mgr. 225. gr. síðarnefndra laga, en aðeins felldur niður 2. málsliðurinn.

Enda þótt bætur þær, sem getið er í nefndum málslið, séu augljóslega úrehtar vegna mikilla verðbreytinga, síðan lögin voru sett, árið 1914, og jafnvel dómur fallið gagnstætt ákvæði þessu, þykir rétt að afnema það formlega með lögum, áður en siglingalögin eru gefin út sem heildarlög með áorðnum breytingum.“